

Nd. **266. Frumvarp til laga** [110. mál]

um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar skv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Greinargerð.

Sveitarstjórinn í Garðahreppi hefur með bréfi, dags. 21. þ. m., sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því f. h. hreppsnefndar Garðahrepps, að frv. til laga um löggildingu verzlunarstaðar við Arnarnesvog verði flutt á yfirstandandi þingi.

Svæði það, sem hreppsnefndin ráðgerir sem verzlunarsvæði við Arnarnesvog (Silfurtún og nágreppi), hefur byggzt mjög upp á undanförunum árum og verður orðið að einu þéttbýli innan örfárra ára.

Íbúatala innan takmarka verzlunarsvæðisins, eins og það er ráðgert, mun vera tæp 700.

Fylgiskjal.

Sveitarstjórinn í Garðahreppi

Garðahreppi, 21. marz 1960.

Hr. alþingism.
Matthías Á. Mathiesen,
Hafnarfirði.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Garðahrepps hefur undirrituðum verið falið að annast nauðsynlegan undirbúning að breytingu á skráningu hreppsins, þannig að hann verði framvegis skráður kaupúnshreppur.

Í því sambandi þarf að fá flutt á Alþingi frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaðar við Arnarnesvog í Garðahreppi, og sný ég mér því til yðar, hr. alþingismaður, með ósk um, að þér flytjið á yfirstandandi þingi frumvarp þess efnis.

Takmörk hins fyrirhugaða verzlunarsvæðis hefur hreppsnefndin samþykkt að verði þannig:

„Að norðan: Arnarnesvogur. Að vestan: Úr Arnarnesvogi meðfram austur- og norðurbrúnum Gálghrauns og Garðahrauns í Engidal að vörðu á hraunbrúninni við veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Þaðan bein lína í Hádegishól. Þaðan bein lína að markalínu Hofstaða og Silfurtúns, þar sem hún kemur að Vífilsstaðavegi. Síðan eftir þeim mörkum að Arnarneslæk og meðfram Arnarneslæk til sjávar.“

Er það ósk mín, fyrir hönd hreppsnefndar Garðahrepps, að þér gerið það, sem unnt er, til að flýta máli þessu svo, að öruggt sé, að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,

Þórður Reykdal.